

**Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**  
06 101

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

kt. 461010-0400

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 910,8 milljónir og afkoma kr. -13,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 149,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Dómsmálaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Dómsmálaráðuneytis fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Pétur U. Fenger  
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	823.500.000	644.100.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	83.411.597	76.491.380
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	3.920.803	3.266.481
<b>Tekjur samtals</b>		<b>910.832.400</b>	<b>723.857.861</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	722.620.281	587.781.360
Framlög og tilfærslur .....		0	550.000
Annar rekstrarkostnaður .....	5	197.920.407	136.980.290
Afskriftir .....	6	3.920.803	3.266.481
<b>Gjöld samtals</b>		<b>924.461.491</b>	<b>728.578.131</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(13.629.091)</b>	<b>(4.720.270)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(17.004)	(7.641)
		(17.004)	(7.641)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(13.646.095)</b>	<b>(4.727.911)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(15.146.095)	(5.677.911)
Rekstrartilfærslur .....		1.500.000	950.000
		(13.646.095)	(4.727.911)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		25.302.070	27.336.567
Farartæki og vélar .....		111.753	195.565
Verk í vinnslu .....		358.961	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>25.772.784</u>	<u>27.532.132</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	123.414.655	99.418.738
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		201.471	0
Handbært fé .....		488.455	6.411.817
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>124.104.581</u>	<u>105.830.555</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>149.877.365</u>	<u>133.362.687</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		13.161.531	26.807.626
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>13.161.531</u>	<u>26.807.626</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	34.060.060	681.568
Viðskiptaskuldir .....		7.676.333	2.287.355
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	89.084.184	90.052.044
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	5.895.257	13.534.094
<b>Skuldir samtals</b>		<u>136.715.834</u>	<u>106.555.061</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>149.877.365</u>	<u>133.362.687</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(13.646.095)	(4.727.911)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	3.920.803	3.266.481
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(3.920.803)	(3.266.481)
		<u>(13.646.095)</u>	<u>(4.727.911)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(201.471)	0
Tengdir aðilar .....		3.503.086	(7.795.347)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		4.421.118	121.669
		<u>7.722.733</u>	<u>(7.673.678)</u>
		<u>(5.923.362)</u>	<u>(12.401.589)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(13.520.528)	(17.370.613)
		<u>(13.879.489)</u>	<u>(17.370.613)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		5.879.489	10.170.613
Fjárfestingarframlag .....		8.000.000	7.200.000
		<u>13.879.489</u>	<u>17.370.613</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(5.923.362)	(12.401.589)
		<u>6.411.817</u>	<u>18.813.406</u>
		<u>488.455</u>	<u>6.411.817</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1 Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	823.500.000	644.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	3.920.803	3.266.481
	<u>827.420.803</u>	<u>647.366.481</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	700.700.000	1.500.000	0	702.200.000
Fjáraukalög .....	81.700.000	0	0	81.700.000
Launabætur .....	4.600.000	0	0	4.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	35.000.000	0	0	35.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>822.000.000</b>	<b>1.500.000</b>	<b>0</b>	<b>823.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(837.146.095)	0	0	(837.146.095)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(15.146.095)</b>	<b>1.500.000</b>	<b>0</b>	<b>(13.646.095)</b>

	2022	2021
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	80.706.834	71.371.388
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	2.500.000	4.454.084
Ýmsar tekjur .....	204.763	665.908
	<u>83.411.597</u>	<u>76.491.380</u>

	2022	2021
<b>4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	594.422.856	466.297.632
Orlof, breyting .....	(13.968.506)	9.547.709
Launatengd gjöld .....	134.399.850	105.194.007
Starfsmannakostnaður .....	7.766.081	6.742.012
	<u>722.620.281</u>	<u>587.781.360</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	47,8	40,0

	2022	2021
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.586.836	1.942.077
Byggingarvörur, almennar .....	369.006	0
Tæki og búnaður til innréttinga .....	403.998	7.125
Ýmis tæki og áhöld .....	1.711.506	1.355.622
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	51.715	0
Orkugjafar .....	75.586	5.319
Matvæli .....	11.542.115	7.601.069
Almennar rekstrarvörur .....	1.207.414	430.929
Vörukaup, almenn	<u>16.948.176</u>	<u>11.342.141</u>
Kennslu- og fönðurvörur .....	29.000	42.000
Ýmsar sérgreindar vörur .....	64.939	0
Vörukaup, sérgreind	<u>93.939</u>	<u>42.000</u>

## Skýringar

	2022	2021	
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, framhald</b>			
Fundir, námskeið, risna .....	2.117.070	748.016	
Ferðir, uppihald .....	20.215.134	2.673.923	
Akstur .....	1.484.812	427.859	
Sérfræðipjónusta .....	25.722.675	17.972.368	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	49.698	31.024	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	3.226.270	3.625.240	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	7.572.333	4.758.953	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	60.387.992	30.237.383	
Samningsbundin kaup og leiga .....	6.494.553	5.034.275	
Afnotagjöld .....	10.435.810	11.564.395	
Leigugjöld .....	49.156.660	29.708.966	
Notkun véla og flutningatækja .....	55.370	221.720	
Verkkaup .....	12.346.778	2.323.153	
Kostnaðarhlutdeild .....	41.995.629	46.482.662	
Opinber gjöld .....	5.500	23.595	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	120.490.300	95.358.766	
Annar rekstrarkostnaður samtals	197.920.407	136.980.290	
<b>6 Afskriftir</b>			
Áhöld, tæki og búnaður .....	3.836.991	3.182.669	
Farartæki og vélar .....	83.812	83.812	
	3.920.803	3.266.481	
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	25.302.070	27.336.567	
Farartæki og vélar .....	111.753	195.565	
	25.413.823	27.532.132	
Verk í vinnslu .....	358.961	0	
	358.961	0	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Farartæki og vélar</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2022 .....	52.052.414	670.500	52.722.914
Viðbætur á árinu .....	13.520.528	0	13.520.528
Eignfærsla hjá 06-101 flutt til 06-111 .....	(12.052.800)	0	(12.052.800)
	53.520.142	670.500	54.190.642
Afskriftir 01.01.2022 .....	24.715.847	474.935	25.190.782
Afskrift ársins .....	3.836.991	83.812	3.920.803
Afskriftir hjá 06-101 vegna eigna fluttar til 06-111 .....	(334.766)	0	(334.766)
	28.218.072	558.747	28.776.819
Staða 31.12.2022 .....	25.302.070	111.753	25.413.823

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	123.414.655	99.418.738
	<u>123.414.655</u>	<u>99.418.738</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	34.060.060	681.568
	<u>34.060.060</u>	<u>681.568</u>

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

31.12.2022 31.12.2021

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	26.807.626	31.535.537
Afkoma ársins .....	(13.646.095)	(4.727.911)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>13.161.531</u>	<u>26.807.626</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 10 Ýmsar skammtímaskuldir

31.12.2022 31.12.2021

Ógreitt orlof .....	89.066.498	90.052.044
Önnur ógreidd gjöld .....	17.686	0
	<u>89.084.184</u>	<u>90.052.044</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	25.772.784	27.532.132
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(19.877.527)	(13.998.038)
	<u>5.895.257</u>	<u>13.534.094</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	27.532.132	(13.998.038)	13.534.094
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	8.000.000	8.000.000
Bókfært verð eigna flutt til 06-111 .....	(11.718.034)	11.718.034	0
Fjárfestingarheimild flutt til 06-111 .....		(11.718.034)	(11.718.034)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu .....	358.961	(358.961)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	13.520.528	(13.520.528)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(3.920.803)	0	(3.920.803)
	<u>25.772.784</u>	<u>(19.877.527)</u>	<u>5.895.257</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 4,1 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 12 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 63,3 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 47,8 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.